



**Forvarnarverkefnið  
Pallas Athena-Thor  
European youth against drugs**

Það er lofsvert framtak að tengja æskufólk í Evrópu saman í baráttulest og vinna þannig gegn þeirri vá sem felst í vaxandi neyslu fíkniefna.

Ég hef fylgst með þróun hugmyndarinnar og dáist að atorku og frumkvæði unga fólksins sem ætlar að hrinda henni í framkvæmd.

Heitið „Pallas Athena-Thor” minnir okkur á framlag fornra grískra og íslenskra menningarheima til evrópskra arfleifðar. Þar var heilbrigð sál í hraustum líkama kjarninn í lífssýn, íþróttum og listum.

Í aðdraganda nýrrar aldar er mikilvægt að efla skilning á því að heilbrigði og hollar venjur eru lykill að lífshamingju.

Baráttan gegn fíkniefnaneyslu er í fremstu röð forgansverkefna. Lestarferðin er gott tákni um samvinnu ungs fólks víða um Evrópu í þágu betra mannlífs.